

Loftstofu, Austurstræti 20 P.hólf: 1706 121 Reykjavík
Sími: 869 6526 Netfang: toshiki@kirkjan.is

Umsögn um frumvarp til laga um atvinnuréttindi útlendinga

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001-2002.)

Félagsmálanefnd Alþingis.
Heiðurðu fulltrúar þjóðarinnar,

Ég undirritaður hef skoðað frumvarp til laga um atvinnuréttindi útlendinga, samkvæmt skriflegri beiðni yðar 28. nóvember s.l.

1. Um almenna ákvæði og atvinnuleyfi

Fyrst vil ég benda á galla í orðskýringum eins og kveðið er á um í 3.gr.

Í þessu frumvarpi breytist ekki það nú gildandi kerfi um tímabundið atvinnuleyfi. Þ.e. leyfi er utvegið til atvinnurekanda til þess að ráða útlending til starfa. Leyfið kemur til atvinnurekanda en ekki til viðkomanda útlending.

Mér synist að allt of mörg vandkvæði tengjst þessu kerfi þar sem atvinnuréttindi tilheyra ekki útlendingum heldur eingöngu vinnuveitendum. Þess vegna er það orðið afar erfitt að skilja fyrir útlendinga sjálfa og jafnvel einning fyrir opinbera hlutaðeigendur hvaða réttindi útlendingar séu með. Það gerist sérstaklega þegar ráðningarsamningi er rift fyrir en hann rennur út af einhverjum ástæðum.

Hér vil ég benda á tvær leiðar til að bóta.

1) Orðskýringar um “tímabundið atvinnuleyfi” eins og frumvarpið segir í 3. gr. veldur misskilningi á slálfu sér. Vikomandi leyfi er í raun ekki aðeins bundið við tímabil heldur frekar bundið við ráðningarsamning, sem sagt tiltekinn vinnuveitanda. Ef samningi er rift, þá missir launþeginn dvalarleyfi.

Í slíkum aðstæðum virðist vera rétt að nefna það leyfi sem “ráðningarleyfi til að ráða útlending til starfa sem er ekki með atvinnuleyfi”.

Í þessum skilningi tilheyrir öll lögbundin skylda varðandi vinnu- og vinnutengdar aðstæður eingöngu vinnuveitendum, en ekki útlendingum sem koma til starfa. Ef vinnuveitandi vanrækir að fá eða endurnýja ráðningarleyfi, er það ábyrgð viðkomandi vinnuveitandi. Að sjálfsögðu hefur það ekki áhrif á skyldu útlendinga sem búa héraendis eins og skattamál, en í stutt máli sagt er útlendingur ekki með atvinnuleyfi þangað til hann fær “óbundið atvinnuleyfi”.

Prestur innflytjenda

Lofstofu, Austurstræti 20 P.hólf, 1706 121 Reykjavík
Sími: 869 6526 Netfang: toshiki@kirkjan.is

Ef nú verandi “tímabundið atvinnuleyfi” heldur áfram verður að að mínu mati breyta þessu heiti samkvæmt raunveruleika þess.

2) Ofangreindur 1) punktur er mjög neikvæð lausn málsins. Mér finnst það of erfitt að breyta því strax í þessu löggjafabingi, en rétt leið er sú, að leyfa útlendingum frá löndum udan EES svæðisins að koma til landsins í þeim tilgangi til að starfa hérlandis og síðan ganga frá ráðningarsamningi. Þar verða að eftirfarandi atriði koma fram.

i.Útlendingur leggur fram ráðningarsamning til bráðabrigða sem sýnir að hann sé með loforð um vinnuna á Íslandi þegar hann sækir visa til landsins.

Útlendingastofnun staðfestir pappír við viðkomandi vinnuveitanda.Útlendingur sem er frá landi udan EES en þarf ekki að fá visa fyrir komu til landsnis tilkynnir um ætlun til Útlendingastofnunar. Samningaraðili ber ábyrgð á ferðakostnaði og svo framvegis eins og frumvarpið segir í 7.gr. c- e mgr

ii.Ef viðkomandi útlendingur getur ekki klárað ráðningarsamning innan 3 mánaða með af einhverri ástæðu þá verður hann að fara úr landi.

iii.Þegar útlendingur og atvinnurekandi klára ráðningarsamning hérlandis fær viðkomandi útlendingur tímabundið atvinnuleyfi til eins árs.

iv.Ef samningurinn er slítinn fyrr en leyfisgildistími rennur út vegna af einhverri ástæðu, má viðkomandi útlendingur nota tímabundið atvinnuleyfi þangað til það rennur út og þannig má hann leita að starfi að nýju. Ef gilditími sem er eftir er styttri en 3 mánaðir má hann framlengja 3 mánaðar fresti. Þarf að það vera samræmast við lög um dvalarleyfi. Hann getur notið alla þjónustu varðandi atvinnuleit hjá sveitafélagi og ríki.Hann getur notið einnig þjónustu varðandi atvinnuleysisbætur samkvæmt þeim vinnutíma sem hann hefur áunnið sér.

v.Ef hann velur frekar að fara til baka til heimalands síns strax eftir hann hættir starfi og atvinnuveitandi ber ábyrgð á því eftir samningi, þá má hann fara til baka á kostnað atvinnurekanda.

2. Um sjúkratryggingu

Í 7. grein er það mælt um sjúkratryggingu se skilyrði hjá atvinnurekendum þegar þeir ætla að ráða útlendingum hjá sér, en hvernig er það hægt. Útlendingur sem er nýkominn til landsins verður að bíða 6 mánuði til að komast í allmannatryggingukerfi landsins samkvæmt nígildandi tryggingarlögum.

Er það ananar háttur til að útfylla þessa kröfu? Það er ekki alveg hvað frumvarpið á við í raun og veru með c-lið.

3. Um tímabundið atvinnuleyfi fyrir hælisleitendur

Í 7. grein er nýmæli um veitingu tímabundið atvinnuleyfi fyrir hælisleitendur. Ástæða þessaraa umfjöllunar er, samkvæmt athugasemdum frumvarpsins, eins og eftirfarandi: “að gefa útlendingum við þessar aðstæður tækifæri til að vinna fyrir sér svo að þeir þurfi eki að þiggja framfærslu sína frá ríkinu”.(bls.12)

Prestur innflytjenda

Lofstofu, Austurstræti 20 P.hólf, 1706 121 Reykjavík
Sími: 869 6526 Netfang: toshiki@kirkjan.is

Hér er sú hugmynd á ferðinni að losa við fjárhagslegt álag ríkisins vegna hælisleitenda. Mér sýnist að aðstæður þessa fólks séu mismunandi. Sumir eru alveg kraftmiklir til að starfa og það getur verið gott fyrir þá til að fá vinnu en að vera aðgerðarlaus heima. Aftur á móti er einnig fólk sem þarf að fá næði og að uppbyggjast andlega- og líkamalega. Ég óttast dálítið að þessi ákvæði verði notuð á þann hátt að allir hælisleitendur verði neyddir til þess að fara í vinnu á meðan mál þeirra eru í umfjöllum. Það telst vera nauðsynlegt að samræma önnur lög sem varða hælisleitendur með tilliti til að tryggja mannréttindi þeirra.

4. Um íslenskukennslu og samfélagsfræðslu

Varðandi 9. grein fagna ég því ef það verður skylda atvinnurekanda að veita erlendum starfsmönnum íslenskukennslu og samfélagsfræði til boðs á kostnað vinnuveitanda. Ef það er aðeins gefa erlendum starfsmönnum upplýsingar um námskeið, gruna ég um að hvað það þýðir í raunveru. Hins vegar verður að vera athuga að þetta ákvæði blandist ekki við tilraun til að skylda útlendingi að taka þátt í íslenskunámi til að hafa rétt til búsetuleyfis eins og frumvarp til laga um útlenginga leggur til.

5. Um atvinnuleyfi maka Íslendinga eftir hjónaskilnað

Í 11. gr. er mælt um atvinnuleyfi maka Íslendinga, svo að hann missir það ekki ef hjónabandið stóðst lengri en 2 ár og hann búsetið hefur verið hérlandis a.m.k. 2 ár. Þetta ákvæði er jákvætt við að hann missir ekki atvinnuleyfi alveg sjálfkrafa og jafnframt að meina útlendingum að stofna til hjúskapar með tilgang aðeins til að fá atvinnuleyfi.


Hins vegar liggur hér hætta að útlendingur, sérstaklega þegar viðkomandi er kvennkyn, reynir að þola óánægju ástöðu í hjónabandi þangað til hann fær réttindi atvinnu. Talið er nauðsynlegt að bæta aukaákvæði til að tryggja réttindi maka Íslendinga í svona tilfelli.

Fleira er ekki til umsagnar að sinni.

Viðingarfyllst,

Reykjavík, 13. desember 2001

Prestur innflytjenda, (sérþjónustuprestur þjóðkirkjunnar)



Toshiki Toma